



Borgarráð

***Undirskriftasöfnun Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins vegna deiliskipulags við Stekkjarbakka Þ73.***

Á fundi borgarráðs 16. janúar sl. var lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 14. janúar 2020, ásamt fylgiskjöllum þar sem lagt var til að borgarráð samþykkti erindi Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins um fyrirhugaða undirskriftasöfnun samkvæmt 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga með þeim fyrirvara að undirskriftarsöfnunin og íbúakosningin fjalli ekki um lögformlegt gildi deiliskipulagsins fyrir Stekkjarbakka Þ73, þar sem slíkt stæðist ekki lög. Greinargerð fylgdi tillögunni sem var samþykkt á fundinum. Undirskriftarsöfnunin hófst formlega á miðnætti 31. janúar og lauk á miðnætti 28. febrúar í samræmi við fresti samkvæmt reglugerð 155/2013 um undirskriftarsafnanir samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Í 6. gr. reglugerðarinnar kemur fram að þegar undirskriftarsöfnun er lokið skal Þjóðskrá Íslands afhenda ábyrgðaraðila niðurstöður hennar og undirskriftalista á pdf-formi, rafrænt undirritað og að ábyrgðaraðili skal afhenda framkvæmdastjóra sveitarfélags undirskriftir ásamt staðfestingu Þjóðskrár Íslands. Hollvinasamtök Elliðaárdalsins afhentu ekki Reykjavíkurborg niðurstöðu Þjóðskrár Íslands fyrir en 25. mars sl. en í erindinu kemur fram að samtökin afhendi niðurstöðuna með fyrirvara um mögulega kærur.

Í 2. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi þurfa að óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. til að sveitarstjórn skuli verða við því. Í meðfylgjandi bréfi Þjóðskrár Íslands kemur fram að fjöldi kjósenda sem skráðu nafn sitt á lista vegna íbúakosningar um Stekkjarbakka Þ73 voru alls 11.456 eða 12,58%. Þar sem um er að ræða lögbundið lágmark eru þar af leiðandi ekki lagaskilyrði fyrir því að fram fari íbúakosning í samræmi við 108. gr. sveitarstjórnarlaga m.v.t. samkvæmt samþykkt borgarráðs 14. janúar sl. og tilkynnist það borgarráði hér með.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:  
Bréf Þjóðskrár Íslands dags. 13. mars 2020.

Halldór Páll Gíslason  
Kleifarási 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2020  
Tilvísun ÞÍ: 2020010965/3.2.5

**Efni:** Erindi Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins um undirskriftarsöfnun vegna deiliskipulags fyrir Stekkjarbakka Þ73

Þjóðskrá Íslands hefur mótttekið og yfirfarið undirskriftir þeirra einstaklinga sem safnað var á grundvelli heimildar 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til þess að óska almennrar atkvæðagreiðslu í Reykjavíkurborg skv. 107. gr. sömu laga. Söfnun undirskrifa fór fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 155/2013 um undirskriftasafnanir vegna almennra atkvæðagreiðslna samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Ábyrgðaraðili undirskriftasöfnunarinnar er Halldór Páll Gíslason.

Á kjörskrá skv. 1. gr. reglugerðar nr. 155/2013 voru 91.120 einstaklingar. Niðurstaða talningar er svohljóðandi:

- Fjöldi þeirra kjósenda sem skráðu nafn sitt á lista vegna deiliskipulags fyrir Stekkjarbakka Þ73 er 11.465 eða 12,58%.
- 147 ógildar rafrænar undirskriftir.
- 226 ógildar undirskriftir á pappír.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar, eru ábyrgðaraðilum undirskriftasöfnunarinnar hér með afhentar meðfylgjandi niðurstöður hennar sem og undirskriftalistarnir sjálfir á pdf- formi, undirritað með rafrænum hætti.

Vakin er athygli á því að í pósthólfi einstaklinga á mínum síðum á Ísland.is er að finna tilkynningar um gildar undirskriftir.

F.h. Þjóðskrár Íslands

---

Guðni Rúnar Gíslason  
Deildarstjóri